Leikræn myndlist

Myndlist
Bragi Ásgeirsson

Það virðist vera krafa dagsins, að vinna í stórum ábúðarmiklum heildum og myndflöturinn skal vera þakinn táknum og tilvísunum. Gjarnan skal sjónarspilið áhrifaríkt og segja margræða sögu og jafnvel hafa svip af föndri úr risalandi. Og því færri myndir sem sýningarsalirnir rúma af þessum yfirstærðum, því nær kemst listamaðurinn tilganginum.

Þetta hefur ekki farið framhjá myndlistarkonunni *Steinunni Þórarinsdóttur,* sem sýnir fram til 27. maí sjö rýmisverk úr járni í vestari sal Kjarvalsstaða.

Steinunn lætur sér jafnvel ekki nægja að rækta fyrrnefnd atriði með miklum ágætum, heldur býr hún til heilmikið leikrænt sjónarspil í kringum myndir sínar með aðstoð sérstakrar lýsingar, en hún lætur ljóskastara lýsa upp hvert verk sérstaklega, en annars er salurinn myrkvaður.

Þetta verður til þess að skoðandinn spyr gjarnan sjálfan sig þeirrar spurningar, hvort hann sé á myndlistar- eða leiksýningu því að myndirnar eru líkastar sviðsmynd.


Það er iðulega mjög snjallt að lýsa á þennan hátt þrívíð verk til að auka á áhrif formanna og leggja á þau nýjar áherslur og hefur þetta verið gert við höggmyndir eldri meistara svo sem Thorvaldsens og Canova og þeir báðir öðlast nýja frægð fyrir.

En hér er farið að á annan hátt, því að um hreina umhverfislist (environments) er að ræða, sem ekki styrkir rúmtak verkanna heldur eykur á leikræna tjáningu, skapar að vísu vissa dulúð, en þó ekki nægjanlega sterka til að menn falli í stafi og láti hrífast.

Steinunn hefur áður sýnt slíka leikræna tilburði t.d. í hangandi gínum sínum, eða réttara: leikbrúðum, og slík þrívíð form eru mun upplagðari til leiks með gerviljós og blæbrigði heldur en járnið sem nýtur sín best í náttúrubirtu enda afkvæmi jarðarinnar.

Hér er nefnilega um járnplötur að ræða, sem eru klipptar til eins og börn gera við pappír og búnar til fígúrur við ýmsar athafnir. Reynt er að búa til stórbrotna athöfn úr einföldu föndri og er það mjög virðingarvert, en einhvern veginn er þetta áhrifaminna en að var stefnt. Kannski er verkið „Landamæri" (7) beinskeyttasta og áhrifaríkasta verkið á sýningunni, en slöpp fígúran á framhlið verksins veikir áhrifamátt þess til muna.

Maður kann þó einhvernveginn mun betur við verk eins og



„Hringhenda" (3) og „Vilji" (4), en þar kennir maður ýmissa eldri takta í list Steinunnar og satt að segja hefur listakonan oft mætt galvaskari til leiks með meira krassandi verk en í þetta skipti.

Opið og lokað rými

Það má til sanns vegar færa að myndlistarkonan *Þorbjörg Pálsdóttir* gengur mjög persónulega til verks í rýmisverkum sínum.

En þó er spurn hvort öllu skuli fórnað fyrir frumleikann einan og sér. Þrívíð verk hennar einkennast af opnum og lokuðum formum, sem hún staðsetur á sérstakan hátt í tilfallandi rými, þannig að svo er sem um lifandi verur sé sð ræða mitt í daglegum athöfnum sínum, leik eða hugarástandi.


Þetta er þannig öðrum þræði umhverfislist (environments), en hefur einnig svip af hnitmiðuðum uppsetningum (installation).

Formrænt eru myndir Þorbjargar slappar og stórkarlalegar og gea jafnvel minnt á form úr deigi, en skyldi það ekki einnig, í og með, vera tilgangurinn. Þær minna einnig ekki svo lítið á verur utan úr geimnum úr furðulegu ytra byrði og eins og beinlausar.

En minna má á þá staðreynd, að sérhvert form, sem fæðist af innri hvöt, er sigur, og hátturinn hvernig formin flétta sig saman opinberar í hve ríkum mæli listamaðurinn og listaverkið eru gædd andlegum sveigjanleika.

Rúmtakslistin er ákaflega breitt hugtak og á stundum jafnvel afstætt að segja má, því að menn hafa jafnvel, þótt undarlegt megi virðast, tekið hið ímyndaða form og rými í þjónustu sína.

— Það er heilmargt að gerast á sýningu Þorbjargar Pálsdóttur í Listhúsinu einn einn á Skóla-



Feimin stelpa, 1967.

vörðustíg 4 þessa dagana og til mánaðamóta og hver sá sem hefur gaman af óvæntu sjónarspili á erindi á staðinn.

Þorbjörg hefur verið trú þeirri ákveðnu formrænu lausn sem hún fann árið 1967 að ég held og list hennar hefur ekki tekið ýkja miklum breytingum síðan. Hún hefur ræktað sinn garð og hinar undarlegu líkamsformanir hennar hafa yfir sér alþjóðlegan blæ, enda eins og um leitandi og tímalausar verur sé að ræða í óræðum heimi . . .



Steinarr Magnússon



Lára S. Rafnsdóttir

Steinarr Magnússon

Tónlist
Jón Ásgeirsson

Ungur tenorsöngvari, sem er við framhaldsnám í Bandaríkjunum, hélt sína fyrstu tónleika í Norræna húsinu sl. fimmtudag. Á efnisskránni voru söngverk eftir Schubert, Schumann, Strauss, Sjöberg, Grieg, Tosti og lög eftir Sigfús Einarsson og Eyþór Stefánsson.

Steinarr er enn í námi og má segja að hann sé að sækja sér reynslu með þessum tónleikum. Honum er gefin góð rödd og hvað kunnáttu snertir er hann vel á vegi staddur. Nokkuð gætti þess, sem er algengt meðan röddin er að aðlagast ákveðinni söngtækni, að hún er svolítið „flöktandi". Ýmist liggur hún of aftarlega og titrar þá ofurlítið eða hún hljómar fram í nefið. Í lögunum eftir Tosti var röddin nærri því of opin en hljómaði þar best. Þá mátti heyra á nokkrum stöðum að Steinarr átti í erfiðleikum með að leggja röddina. Þetta eru allt lærdómsatriði en rödd hefur hann mikla og góða, syngur af nokkru öryggi og með skýrum framburði.

Í heild voru tónleikarnir vel útfærðir en hann gætti þess nokkuð um of að „fara varlega" og söng nærri öll lögin á tónleikunum einum of hægt. Ljóðin sem Steinarr söng fyrir hlé eru mjög erfið í flutningi en t.d. í Mondnacht eftir Schumann var margt fallega gert. Það sama má segja um Zueignung eftir Strauss en þar hefði hraðinn mátt vera meiri. Yfirvegun og gætni var yfirskriftin í lögunum Tonerna, Jeg elsker dig, Mánaskin og Draumalandið en það var í „kansónunum" eftir Tosti og sérstaklega í A Vucchella sem Steinarr fann sig og söng út.

Hér er á ferðinni mjög efnilegur söngvari, sem vert er að hafa auga með í framtíðinni. Samleikari var Lára Rafnsdóttir pianóleikari en hún lék mjög fallega öll lögin en sérstaklega má geta þess hve vel hún lék með millispilið í Erstes Grün eftir Schumann.

María kafin í tárum

Bókmenntir
Jóhann Hjálmarsson

Sigurður blindur í Fagradal: RÓSA. Omdikting ved Ivar Orgland. Illustrasjonar av Anne-Lise Knoff. Solum Forlag, Oslo 1989.

Sigurður blindur í Fagradal (á að giska 1470-1545) er að mestu gleymt skáld, en mun hafa verið eitt af atkvæðamestu rímnaskáldum síns tíma samanber vísu Jóns Arasonar: „Blind hafa bragnar fundið/ bragtraustan fyrir austan."

Sigurður er talinn hafa ort Rósu sem er lengsta helgikvæði frá kaþólskum tíma á Íslandi, 133 hrynhendar vísur. Lilja Eysteins munks Ásgrímssonar hefur löngum verið talin fyrirmynd Rósu og Sigurður hefur lengi búið í skugga Eysteins. Margt er líkt með kvæðunum, sama form og sama efni. Sköpun heims og dómsdagur héldu vöku fyrir skáldunum báðum.

Nú hefur Ivar Orgland þýtt Rósu í heild sinni og skifað ítarlegan og fróðlegan formála um kvæðið og höfund þess. Orgland telur ómaklegt að setja Rósu skör lægra en Lilju og telur að ekki sé um neina eftirlíkingu að ræða hjá Sigurði blind. Að mati Orglands skortir Sigurð trúarhita Eysteins, ljóðræna dýpt og listræn brögð, en hefur meira til að bera af raunsæi, epískri breidd og dramatík. Lilja og Rósa eru tveir hátindar sömu trúarlegu stefnu í skáldskap miðalda, skrifar Ivar Orgland.

Mælska Sigurðar blinds og upphafning á ekki greiða leið að nútímalesanda. En Rósa er víða tilkomumikil. Dæmi er 109. erindi:


Augun sæfast, eyrun deyfast,
ung samvizkan stöðvar tungu,
hjartað rennur utan og innan,
æðar og hold af skelfing mæðist;
kóngrinn dauður á krossi hangir,
kropin drottningin holdi lotnu,
móðirin bæði mædd og blóðug,
María kafin í nógum tárum.

Í þýðingu Orglands hljómar erindið svo:

Augo svævest, øyro døyvest,
ungt samvitet stoggar tunga,
hjarta renner utan og innan,
årar og hold av redsle folnar;
kongen død på krossen henger,
krøkt av sut dronningi luter,
moderi både mødd og blodig,
Maria kjövd av sorgartårer.

Þess er ekki kostur að dæma texta Orglands, en hann er mjög læsilegur. Hann sýnir fumkvæðinu trúnað, en gætir þess að textinn sé einfaldur og um leið kraftmikill, aldrei fyrndur. Víða er ljóðræn fegurð áberandi, eins og til dæmis í 132. erindi sem hefst á þessum fallegu línum: „Raude blomen, som rosa heiter,/ rett opp sprungen mellom klunger."

Sem þýðandi nýtur Ivar Orgland sín vel í kvæðum á borð við Rósu, minnt skal á að hann hefur líka



Ivar Orgland

þýtt Heilaga kirkju Stefáns frá Hvítadal og Sólarljóð. Ógetið er fjölmargra þýðinga samtímaljóðlistar.

Rósa er í stóru broti skreytt afar vönduðum og skemmtilegum heilsíðumyndum eftir Anne-Lise Knoff og er sómi að þessari útgáfu í hvívetna.

